

# Íbúáping í austanverðum Flóa

## Framtíð í Flóa

**Unnið fyrir:**  
**Gaulverjabæjarhrepp**  
**Hraungerðishrepp**  
**Villingaholtshrepp**

**Umsjón:**  
**Stjórnsýsluráðgjöf ehf**  
**Sími: 6931533**

Apríl 2006

# Efnisyfirlit

---

Kafli 1	
Íbúæping	3
<hr/>	
Kafli 2	
Verkefnin framundan	4
<hr/>	
Kafli 3	
Umræður vinnuhópa	6
3.1. Fjölskyldumál og stjórnsýsla	6
3.2. Skipulagsmál, umhverfi og atvinnumál	15
3.3. Lífið og tilveran	21
<hr/>	
Viðauki A	
Dagskrá íbúæpings	27

## Kaflí 1

# Íbúáþing

Sameiginlegt íbúáþing hreppanna í austanverðum Flóa var haldið í Flóaskóla laugardaginn 25. mars 2006. Yfirskrift þingsins var „Framtíð í Flóa“. Íbúáþing er vettvangur þar sem íbúar geta haft áhrif á framtíð þess samfélags sem þeir búa í og verið beinir þátttakendur í virku íbúalýðræði. Markmið íbúáþingsins var að móta framtíðarsýn fyrir nýtt og sameinað sveitarfélag í austanverðum Flóa, og því má líta á þetta þing sem fyrsta verkefnið eftir að hrepparnir samþykktu sameiningu 11. febrúar s.l.

Undirbúningur þingsins var í höndum Samstarfsnefndar um sameiningu hreppanna í austanverðum Flóa sem skipuð var fulltrúum frá Gaulverjabæjarhreppi, Hraungerðis-hreppi og Villingaholtshreppi. Framkvæmdin var í höndum Stjórnsýsluráðgjafar ehf sem síðan naut dyggrar aðstoðar frá Rannsóknarmiðstöð Viðskiptaháskólans á Bifröst við stjórnun vinnuhópa.

Við upphaf íbúáþingsins flutti Guðmundur Stefánsson formaður Samstarfsnefndar ávarp, Bjarni Harðarson ritstjóri gerði heiðarlega tilraun til að lýsa Flóamönnum á léttum nótum og nemendur í Flóaskóla lýstu hugmyndum sínum um framtíðarsveitarfélagið, auk þess sem þeir sáu um ýmis skemmtiatriði, tónlistarflutning, dans o.fl. .

Vinnan á íbúáþinginu fór að mestu fram í þremur vinnuhópum. Fyrsti hópurinn ræddi fjölskyldumál og stjórnsýslu. Annar hópurinn fjallaði um skipulagsmál, umhverfi og atvinnumál. Í þriðja hópnum var rætt um lífið og tilveruna á breiðum grundvelli; félagsheimilin, félagslíf, íþróttir, tómstundir og menningu.



Aðsókn að íbúáþinginu var framar björtustu vonum. Á milli 70 og 80 manns mættu og tóku virkan þátt í vinnuhópnum, auk þess sem mikið var spjallað yfir léttum hádegisverði og kökum í kaffitímanum. Fullyrða má að þátttakendur hafi endurspeglað alla íbú aflórúna í hinu sameinaða sveitarfélagi hvað aldur, kyn og búsetu snertir. Þessari skýrslu er ætlað að endurspeglar umræður og áherslur íbú á þinginu en ekki má líta á þessa samantekt sem ályktanir eða formlegar samþykktir.

## Kafli 2

# Verkefnin framundan

Í þessum kafla eru teknar saman helstu niðurstöður búafingsins. Í þeim kristallast skoðanir og áherslur þeirra íbúa sem tóku til máls í vinnuhópunum þremur sem störfuðu á þinginu. Einnig má segja að hann birti framtíðarsýn nýs sveitarfélags út frá framtíðaráherslum íbúanna. Athuga ber að hér eru aðeins helstu verkefnin sett fram, en ítarlegri hugmyndir er að finna í þriðja kafla þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum hvers vinnuhóps fyrir sig.

- Nýtt sveitarfélag þarf að huga að því að bæta aðstöðu barna sem sækja skóla á Selfoss og endurskipuleggja skólaaksturinn með þarfir þessara barna í huga.
- Skapa þarf aðstöðu fyrir eldri bekki grunnskólans á Selfossi, fyrir utan hefðbundið skólustarf.
- Koma þarf upplýsingum um möguleika á skóladagvistun á framfæri við foreldra allra grunnskólabarna.
- Lagt er til að ein fræðslunefnd verði starfandi í nýju sveitarfélagi, sem hafi bæði málefni grunnskóla og leikskóla á sinni könnu.
- Mikilvægt er að vegir verði bættir og leiðir styttaðar, þar sem það myndi draga úr akstri foreldra með börn sín á leikskóla.
- Flóaskóli þarf að bjóða upp á grunnnám í tónlist fyrir alla og auka þarf fjölbreytni í vali á hljóðfærum.
- Nauðsynlegt er að fá til starfa tónlistakennara sem talar íslensku, svo að yngstu börnin treysti sér frekar í tónlistarnám.
- Mikilvægt er að bjóða upp á vinnuskóla strax í sumar. Sú ákvörðun getur ekki beðið nýrrar sveitarstjórnar heldur þarf að taka ákvörðun um það hið fyrsta.
- Stórbæta þarf aðgengi að internetinu og sjónvarpsútsendingum og koma rafmagnsmálum í lag.
- Gera þarf þjónustusamning við Árborg eða annað sveitarfélag vegna félagsþjónustu hið fyrsta.
- Kanna þarf hvort ekki megi nýta félagsheimilin sem félagsmiðstöðvar fyrir unglunga.
- Mikilvægt er að móta stefnu í málefnum eldri borgara sem allra fyrst.
- Kanna þarf hvort ekki er hægt að bjóða uppá matarbakka fyrir eldri borgara.
- Nýta þarf þann mannauð sem felst í eldra fólki sem komið er af vinnumarkaði, t.d. inn í grunnskólann og leikskólann.
- Hvetja þarf til stofnunar félags eldri borgara, stuðla að auknu félagsstarfi þeirra og stofna sérstakt eldri borgararáð í nýju sveitarfélagi.
- Mikilvægt er að ráðinn verði öflugur og kraftmikill sveitarstjóri sem fyrst eftir kosningar og með honum starfi skrifstofumaður í 100% starfi.
- Stofna þarf fimm fagnefndir á sviði atvinnu-, félags-, fræðslu-, skipulags- og umhverfismála.
- Mikilvægt er að standa reglulega fyrir íbúafundum um tiltekin mál.
- Góð og aðgengileg heimasíða þarf að vera til staðar í nýju sveitarfélagi, og sameiginlegt fréttabréf þarf að berast inn á öll heimili í Flóanum.

- Útbúa þarf gagnlegar upplýsingar til „nýbúa” og þeirra sem eru að velta fyrir sér búsetu í sveitarfélaginu.
- Nauðsynlegt er að endurskoða og gera nýtt sameiginlegt aðalskipulag fyrir hið nýja sveitarfélag.
- Í skipulagsmálum skal frekar stefnt að því að fjölga svokölluðum heilsárshúsum fremur en sumarhúsum.
- Mikilvægt er að móta heildstæða atvinnustefnu til framtíðar og taka afstöðu til þess hverskonar iðnaður og starfsemi þrífst best við hlið hefðbundins landbúnaðar og ferðaþjónustu sem fyrir er á svæðinu.
- Ný sveitarstjórn þarf að beita sér fyrir verulegum umbótum í vegamálum og samgöngubótum almennt í Flóanum. Kanna þarf kostnað við malbikun vega og leiðir til að fjármagna slíkar framkvæmdir.
- Kanna þarf möguleika á að leggja reiðvegi í gegnum sveitarfélagið sem liggja fjarri bílaumferð og malbiki.
- Nýtt og sameinað sveitarfélag þarf að hafa frumkvæði að því að koma flokkun sorps og annars úrgangs í réttan farveg í samvinnu við þá aðila sem vinna að sorpeyðingu og umhverfismálum.
- Nauðsynlegt er að koma á fót vinnuhópi til þess að samræma málefni félagsheimilanna og finna ásættanlega lausn í rekstri og stjórn þeirra.
- Fyrst þurfa stjórnir og eigendur hvers félagsheimilis að vinna ákveðna forvinnu og m.a. eyða óvissu um eignarhald og eignarhlutföll sé hún til staðar.
- Síðan þurfa stjórnirnar og ný sveitarstjórn að ná sameiginlegri lausn á rekstrarformi.
- Mikilvægt er að samvinna og samnýting félagsheimilanna haldi áfram og aukist smám saman í góðri sátt við eigendur þeirra.
- Nýta skal þá hagræðingu sem felst í aukinni samvinnu og samnýtingu t.d. varðandi sameiginleg innkaup á rekstrarvörum fyrir öll félagsheimilin.
- Mikill vilji er hjá íbúum um að finna farsæla lausn þrátt fyrir skiptar skoðanir á rekstri og yfirstjórn félagsheimilanna. Ný sveitarstjórn þarf því að leggja sitt af mörkum til þess að ásættanleg lausn finnist.
- Mikilvægt er að allir leggist á eitt við að samræma skólahald og íþróttastarf í Flóanum og í Árborg því þangað sækja börn og unglingar íþróttir.
- Finna þarf hagkvæma lausn á skólaakstri eða öðrum almenningssamgöngum til þess að minnka álag á foreldrum við að aka börnum á íþróttæfingar, í tónlistartíma og aðrar tómsundur.
- Byggja þarf upp betri útiaðstöðu til íþróttaiðkana við Flóaskóla og að auki væri æskilegt að byggt yrði íþróttahús við skólann.
- Ný sveitarstjórn þarf að ítreka fyrirspurn til KSÍ um að fá sparkvöll á svæðið í tengslum við „sparkvallaátak” sambandsins.
- Sveitarfélagið þarf að beita sér fyrir því að íbúar hafi aðgang að öruggu og hraðvirku internetsambandi og farsímasambandi.
- Ný sveitarstjórn þarf að kanna möguleika á að fá fjárstyrk frá menntamálaráðuneytinu til þess að koma upp góðum fjarfundarbúnaði.
- Besta ráðið til þess að viðhalda sveitameningunni og sérkennum Flóans er að hlúa vel að landbúnaði og hjálpa nýjum íbúum að aðlagast menningu og hefðum sem fyrir eru á svæðinu.

## Kafli 3

# Umræður vinnuhópa

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim umræðum sem fram fóru í þremur vinnuhópum á íbúáþinginu í Flóaskóla. Hér er ekki um tæmandi fundargerð að ræða heldur samantekt á helstu niðurstöðum. Samantekt hvers hóps byggir fyrst og fremst á punktum fundaritara og skýrslum hópstjóra í hverjum vinnuhópi. Hafa ber í huga að samantektin endurspeglar fyrst og fremst umræður og skoðanir þeirra einstaklinga sem tóku þátt í vinnuhópunum en eru hvorki stefna eða áherslur þeirra sveitarfélaga sem stóðu að þinginu né þeirra einstaklinga sem höfðu umsjón með undirbúningi og framkvæmd íbúáþingsins. Varast skal að túlka samantekt umræðna og skoðana sem einhverjar niðurstöður eða samþykktir.

### 3.1. Fjölskyldumál og stjórnsýsla

Um 15-20 manns tóku þátt í umræðum vinnuhóps um fjölskyldumál og stjórnsýslu nýs sveitarfélags auk þess sem fólk fór á milli hópa eftir því sem líða tók á daginn. Umræðurnar voru góðar og málefnalegar og allir tóku þátt í þeim. Hópurinn endurspegladi vel íbúasamsetningu svæðisins hvað varðar búsetu en það sama er ekki hægt að segja um kynskiptingu þar sem konur voru í miklum meirihluta. Hópstjóri var Hólmfríður Sveinsdóttir og ritari var Steinunn Eva Björnsdóttir.

Umræðurnar fóru þannig fram að byrjað var á að skilgreina stöðuna eins og hún er í dag, hvernig íbúarnir sjá framtíðina fyrir sér og hvað þarf að gera til að sú framtíðarsýn megi verða að veruleika.



### Grunnskóli

Talsverð umræða var um grunnskólann, enda fundarmenn sammála um að hann væri fjöregg samfélagsins. Flóaskóli er á sínu öðru starfsári og er rekin í byggðasamlagi þessara þriggja hreppa sem nú eru að sameinast. Fram til vorsins 2004 hafði hver hreppanna um sig rekið eigin grunnskóla en þeir voru lagðir niður vorið 2004 með stofnun Flóaskóla. Flóaskóli þjónar nemendum í 1.-7. bekk en nemendur í 8.-10. bekk sækja nám á Selfoss. Helsta breytingin vegna sameiningarinnar hvað Flóaskóla varðar er að byggðasamlagið leggst af og er það kostur.

Almenn ánægja virðist vera með Flóaskóla og skólastarfið er talið vera betra nú heldur en þegar hver hreppur um sig rak sinn eigin skóla. Fólki finnst skólinn vera góður og að það sé grundvallarbreyting á félagslegum þáttum nemenda þar sem nú eru fleiri nemendur í hverjum bekk, eða 4-13 börn í hverjum árgangi.

Fram kom að áður en Flóaskóli tók til starfa ræddu íbúarnir og stjórnendur sveitarfélaganna þriggja það talsvert hvernig skóla þeir vildu sjá. Almennt var talið að þær hugmyndir hafi gengið vel eftir og að skólinn sé mjög góður. Allir voru sammála

um að nauðsynlegt sé að fara í svona stefnumótandi vinnu á nokkra ára fresti og fara yfir hvað er gott og hvað má bæta í skólstarfinu, ekki hvað síst vegna þess að nýir foreldra koma að starfinu á hverjum tíma.

Sú spurning vaknaði hvort að hægt væri vera með eldri bekkjadeildir í Flóaskóla. Nokkrar umræður urðu um málið en flestir voru sammála um að sökum fámennis þá væri ekki hægt að bjóða eldri bekkjardeildum uppá jafn mörg valfög og gert er á Selfossi. Þó væri spurning með 8. bekk sem er hvort sem er ekki með mikið val. Það ætti að vera hægt að hafa 8. bekkinn í Flóaskóla töldu sumir en það er ekki endilega víst að börnin vilji það. Almenn t var því talið að ekki væri ráðlegt að vera með unglíngadeild við skólann heldur væri það betra að aka unglíngunum í skóla á Selfoss. Skiptar skoðanir voru um hvort að það henti börnunum að vera hér í 8. bekk og þá sérstaklega hvað varðar félagslegu hliðina.

Allir voru sammála um að afdrep vantar fyrir sveitabörnin á Selfossi og að nýju sveitafélagi beri að skapa þá aðstöðu. Spurning væri hvort þurfi að kaupa eða leigja húsnæði þar sem börnin gætu verið í eftir skóla og fram að heimferð. Þar þyrfti að vera aðstaða fyrir þau til að sinna heimavinnunni.

Töluverð umræða var um mótuneytið á Selfossi en mörgum finnst maturinn ekki nógu góður og ef það væri eitthvað gott í matinn þá væri ekki til nóg af honum. Nokkuð almenn óánægja er með mótuneytið en þó er þetta val fyrir fjölskyldur. Vegna aðstöðuleysis leita krakkarnir í sjoppurnar til að eyða tímanum.

Allir voru sammála um að skoða þurfi fræðslumálin í heild sinni og að huga þurfi sérstaklega að eldri nemendum grunnskólans sem sækja skóla á Selfoss. Vel er haldið utan um þessi mál hér í sveitinni en þegar nemendur koma á Selfoss þá er frekar lítið sem foreldrar hafa um þetta að segja. Kannski er grundvöllur innan sveitar að halda utan um mál nemenda. Innan skólans á Selfossi er foreldraráð eða hagsmunaráð innan bekkjanna. Um 20 börn fara á Selfoss á morgnana þar sem þau setjast á skólabekk með nemendum sem fyrir eru..

### **Skólaakstur**

Töluverð umræða spannst um skólaaksturinn sérstaklega. Mörg börn eru fullengi í skólabílum eða allt að 60 mínútum. Á hverjum morgni fara 4-5 bílar frá þessum þremur hreppum í Flóaskóla og á Selfoss, bæði með grunnskólanemendur og fjölbrautaskólanemendur.

Allir voru sammála um að hægt væri að bæta skólaaksturinn. Það vær bara skipulagsatriði og jafnvel væri hægt að spara með því móti. Aðalatriðið væri þó að börnin fengju sem besta þjónustu. Til dæmis mætti fjölga bílum og ferðum og stytta tímunn í rútunni. Bílarnir fara líka alltof snemma af stað fyrir þau börn sem koma lengst að.

Umræða varð um hvort ekki væri hægt að seinka skólanum hér. Sá þáttur hefur verið ræddur áður en þá eru yngri börnin ein heima því margir sækja vinnu á Selfoss. Nauðsynlegt er að skoða þetta mál og athuga hvað hentar best. Hagsmunir barnanna eiga að vera númer eitt og hvernig hægt er að þjónusta alla svo allir séu sáttir.

### **Skóladagvist**

Í dag er hægt að fá skólavistun fyrir börn eftir skóla en það hefur ekki verið nýtt. En ef eftirspurn skapaðist þá væri sú þjónusta fyrir hendi sem og allar aðstæður. Það þarf að koma upplýsingum um þessa þjónustu betur á framfæri við íbúa. Svona mál geta skipt máli varðandi val á búsetu. Nægt pláss hefur verið í leikskólanum til þessa. Fram kom að íbúar vissu almenn ekki af þessum möguleika, hvað þá þeir sem eru að spá í að flytja í sveitarfélagið.

## Aðgerðir/leiðir

Niðurstaðan hvað varðar þennan málaflokk er að nýtt sveitarfélag þarf að huga að því að bæta aðstöðu barna sem sækja skóla á Selfoss og endurskipuleggja skólaaksturinn. Mikilvægt er að íbúum verði gefin kostur á að taka þátt í stefnumótandi vinnu á fárra ára fresti vegna grunnskólamála. Skapa þarf aðstöðu fyrir eldri bekki grunnskólans á Selfossi, fyrir utan hefðbundið skólastarf. Koma þarf upplýsingum um möguleika á skólادagvistun á framfæri við foreldra allra grunnskólabarna.

## Leikskóli

Rætt var um þá þróun í íslensku samfélagi þar sem börnin eru sífellt lengur í leikskólum. Það eru forréttindi að geta haft börnin heima. Viða í sveitum hefur það verið kostur en með stærri búum gengur það síður. Sumir telja að líta megi á það sem samfélagslegt vandamál hvað börn eru almennt lengi í umsjón vandalausra.

Sveitarfélögin þrjú reka í byggðasamlagi Leikskólann



Krakkaborg. Líkt og með byggðasamlagið um Flóaskóla leggst það af með sameiningu sveitarfélaganna. Staðan í leikskólamálu er mjög góð. Biðlisti þekktist ekki og börn eru tekin inn frá 9 mánaða aldri. Helsta vandamálið er hvað margir þurfi að fara langar vegalengdir í leikskólann. Þar myndu vegabætur skila miklu fyrir íbúanna.

Rætt var um að mikilvægt væri að horfa heildstætt á bæði skólastigin, leik- og grunnskóla. Spurning er hvort ekki sé rétt að hafa eina fræðslunefnd í nýju sveitarfélagi en ekki aðskildar nefndir fyrir grunn- og leikskóla. Fræðslumálin eru stærsti málaflokkurinn og sá mikilvægasti í hverju sveitarfélagi. Nokkrar umræður sköpuðust en niðurstaðan að best væri hafa eina nefnd, því auðveldara væri að koma málum áfram með þeim hætti. Þó þarf að gæta þess að leikskólamálin verði ekki útundan í fræðslunefndinni. Það þarf að koma skýrt fram í erindisbréfi hvert hlutverk nefndarinnar verði.

Rætt var um gjaldfrjálsan leikskóla. Ef ekki fyrir alla árganga þá t.d. hvort það væri hægt að bjóða elsta árganginum upp á ókeypis vistun. Dæmi eru um að sveitarfélög bjóði upp á 8 tíma vistun en greitt er fyrir 4 tíma. Þetta þyrfti að skoða vel.

## Aðgerðir/leiðir

Mikilvægt er að vegir verði bættir og leiðir stytta þar sem það myndi draga úr akstri foreldra með börn sín á leikskóla. Þetta var talið mikilvægasta málið í þessum málaflokki, sem annars er í góðu standi almennt.

Lagt er til að ein fræðslunefnd verði í nýju sveitarfélagi, sem hafi málefni bæði grunnskóla og leikskóla á sinni könnu. Gæta þarf þess þó að leikskólamálin verði ekki útundan. Kanna þarf möguleika á gjaldfrjálsum leikskóla, a.m.k. fyrir elstu árganga leikskólabarna og/eða að leikskóli verði gjaldfrjáls hluta úr degi.



## Tónlistarskólinn

Flóaskóli er í samstarfi við Tónlistarskóla Árnessýslu og hefur það samstarf gengið vel. Kennari frá Tónlistarskólanum kemur tvo daga í viku og kennir á blásturshljóðfæri og byrjendakennslu á píanó. Ef börn vilja læra á önnur hljóðfæri verða þau að fara á Selfoss.

Mikil ánægja er með að börnum sé boðið upp á tónlistarkennslu innan skólans. Fyrir utan hvað börnin hafa gott af því þá er það líka vítamínsprauta fyrir menningarlífíð og alltaf hægt að reiða sig á tónlistakennarann við hinar ýmsu uppákomur, samanber þetta íbúafing. Galli er að fjölbreyntin er ekki mikil. Ókostur er að tónlistakennarinn talar ekki góða íslensku og það veldur því að sum börn, sérstaklega þau yngstu, treysta sér ekki í tónlistarskólann. Því væri mikilvægt að annar kennari, sem talar íslensku, tæki kennsluna á móti þeim sem nú er. Ítrekað var að mikil ánægja er með störf hans en tungumálaörðugleikar eru vandamál sem þyrfti að leysa. Kennari hefur mjög mikið að segja fyrir áhuga nemenda. Fram kom að sveitirnar hefðu ekki nægilega góðan aðgang að kennurum tónlistaskólans og það þyrfti að bæta þar úr.

Best væri ef þau börn sem eru í tónlistanámi gætu verið í tíma strax og skóladegi líkur, þannig að tónlistanámið myndi samfellu með skólanáminu. Fram kom sú hugmynd hvort ekki væri hægt að bjóða upp á grunn í tónlist í skólanum. Það væri svo á ábyrgð foreldra ef börnin hafa áhuga á að halda áfram. Spurning væri hvort ekki mætti hafa sama hátt á og með danskennslu í skólanum þar sem allir bekkir fá danskennslu á hverjum degi í eina viku.

## Aðgerðir/leiðir

Auka þarf fjölbreytni í vali og kennslu á hljóðfærum. Nauðsynlegt er að fá til starfa tónlistakennara sem talar íslensku, svo að yngstu börnin treysti sér frekar í tónlistarnám. Flóaskóli þarf að bjóða upp á grunnám í tónlist fyrir alla, líkt og gert er með dansinn. Ný sveitarstjórn þarf að beita sér fyrir því að nemendur í Flóanum hafi betra aðgengi að kennurum frá Tónlistaskóla Árneseinga.

## Vinnuskóli

Villingaholtshreppur hefur verið með vinnuskóli á sínum snærum. Þar hefur unglingum verið boðið uppá vinnu tvo hálfra daga í viku á sumrin. Rætt var um hvort ekki væri meiri grundvöllur eftir sameiningunni til þess að halda úti vinnuskóla. Bújörðum fækkar og því meiri þörf fyrir unglingavinnu í sveitinni. Villingaholtshreppur hefur auglýst eftir flokksstjóra en ekki er búið að móta stefnu í þeim málum. Menn voru sammála um að þörfin væri fyrir hendi. En það þyrfti að vera hægt að bjóða uppá vinnu a.m.k. 3-4 heila daga í viku. Hugmynd um að unglingar gætu farið til eldri borgara og aðstoða þá bæði innan og utandyra við ýmis verk. Allir voru sammála um að mikilvægt væri að bjóða unglingum upp á vinnuskóla í sumar og að sú ákvörðun geti ekki beðið nýrrar sveitarstjórnar.

## Aðgerðir/leiðir

Mikilvægt er að nýtt sveitarfélag bjóði upp á vinnuskóla strax í sumar. Sú ákvörðun getur ekki beðið nýrrar sveitarstjórnar heldur þarf að taka ákvörðun um það hið fyrsta.

## **Framhaldsnám, fjarnám og internet**

Flestir sem sækja framhaldsskóla fara í FSu á Selfossi í beinu framhaldi af grunnskólanum enda eru hrepparnir hluti af byggðasamlagi skólans. Sátt er um byggðasamlagið og rekstur skólans. Rætt var um hvort og þá hvað væri hægt að gera til að fá unga fólkið sem fer í framhaldsnám til að snúa heim að námi loknu. Mikilvægast í því sambandi er að í sveitarfélaginu séu fullkomnar internettengingar. Fólk var sammála um að sú væri ekki raunin í dag. Sjónvarpsútsendingar eru heldur ekki góðar. Engin samkeppni er á þessum markaði. Þjónustan er ekki góð og nauðsynlegt að bæta hana. Þetta skiptir miklu máli bæði varðandi afþreyingu og atvinnu.

Internettengingar og gott aðgengi að rafmagni er nauðsynlegur grundvöllur fyrir fólk sem sinnir atvinnurekstri á svæðinu eða stundar fjarnám. Oft er erfitt fyrir nemendur FSu að skila verkefnum á netinu þar sem tengingin er ótrygg.

Fjarnám er hægt að stunda í gegnum Fræðslunet Suðurlands. Þar er fjarfundarbúnaður en ekki er veitt nógu miklum fjármagni til reksturs hans. Fræðslunetið er rekið nærri eingöngu af sveitarfélögum og ríkið veitir ekki fé til þess. Þar er góður aðgangur að símenntun og endurmenntun og Fræðslunetið er tilbúið að laga sig að kröfum og þörfum neytenda. Margt er í boði en það þarf góða internettengingar til að þetta gangi upp fyrir fólk í dreifbýli.

Á svæðinu er einfasa rafmagn og veldur það víða vandræðum. T.d. fyrir þá sem eru með atvinnurekstur heima sem háður er rafmagni.

### **Aðgerðir/leiðir**

Nauðsynlegt er fyrir sameinað sveitarfélag að kalla eftir bættri þjónustu, bæði hvað varðar rafmagn og internet þar sem dreifbýlið hefur orðið útundan. Stærri sveitarfélag eftir sameiningu ætti að geta aukið þrýsting á að fá úrbætur. Mikil þróun hefur orðið og margar nýjungar komið fram á þessu sviði. Það verður hlutverk nýs sveitastjóra að þrýsta á þessa hluti. Stórbæta þarf aðgengi að internetinu og sjónvarpsútsendingum og koma rafmagnsmálum í lag.

## **Félagsþjónusta**

Aldrei hefur verið gengið formlega frá þjónustusamningi milli hreppanna þriggja og Árborgar og er það mjög bagalegt. Mikilvægt er að gengið verði frá þjónustusamningi við Árborg eða annað sveitarfélag strax að loknum kosningum og helst fyrir kosningar. Trúlega væri best að óska eftir samstarfi við Árborg. Þar er flest fagfólk. Félagssviðið hefur verið undirmannað í Árborg en er ekki lengur. Það þarf að herja á að samningur verði gerður eða ráða starfsmann í hlutastarf til sveitarfélagsins. Lögum samkvæmt verða þó barnaverndarmál að vera í samstarfi við annað sveitarfélag/önnur sveitarfélög. Í dag er barnaverndarmálum sinnt eða á að vera sinnt frá Árborg. Þessa þjónustu þarf að bæta. Þetta málefni er innan áðurnefnds þjónustusamnings sem ekki hefur verið gerður.

### **Forvarnir**

Rætt var um hvort ekki mætti nýta félagsheimilin sem félagsmiðstöð fyrir unglinga og jafnvel eldri borgara. Margir töldu að það þyrfti að bæta aðgengi unglिंगanna að félagsmiðstöðinni í Árborg. Aðgengi að sumarvinnu er líka góð forvörn. Auk þess sem hún stuðlar að meiri meðvitund unga fólksins um eigið umhverfi og samfélag.

## Aðgerðir/leiðir

Gera þarf þjónustusamning við Árborg eða annað sveitarfélag vegna félagsþjónustu hið fyrsta, og helst fyrir kosningar í vor. Kanna þarf hvort ekki megi nýta félagsheimilin sem félagsmiðstöðvar fyrir unglinga. Þjóða þarf uppá vinnuskóla á sumrin.

## Heldri (eldri) borgarar

Þjónusta við aldraða er fyrir hendi en það vantar starfsfólk til að sinna henni. Um er að ræða þrif og heimaþjónustu fyrir 67 ára og eldri. Þó er misjafnt eftir hreppunum hve þjónustan hefur verið mikil. Oft er mikill kostnaður vegna aksturs þeirra sem sinna þjónustunni.

Þegnar þjóðfélagsins eru að eldast og málefni aldraðra er stór málaflokkur. Ekkert dvalarheimili er fyrir aldraða hér í sveitinni. Fundargestir veltu því fyrir sér hvort slíkt heimili ætti ekki að vera til staðar í sveitinni. Stefnan hlýtur að vera sú að fólk geti verið heima eins lengi og hægt er og það óskar. Velt var upp þeirri hugmynd að byggja íbúðir fyrir eldri borgara, t.d. í nálægð við skólann. Það mætti skoða hvort mynda ætti kjarna með íbúðum aldraðra (þó ekki blokkir) þar sem einhverja þjónustu er að hafa. Helst einhverja verslun líka sem er mikið atriði til að eldra fólk einangrist ekki. Oft eru þetta parhús í litlum þyrpingum. Fólk vill hafa ákveðið öryggi, félagsskap og stutt í þjónustu.

Þjónustuheimili fyrir eldri borgara er líka ein hugmynd. Í dag er ekki boðið uppá þá þjónustu að fá matarbakka. Sú hugmynd hefur þó verið rædd hvort mötuneytið í grunnskólanum gæti sinnt slíkri þjónustu. Margir eldri borgarar gætu t.d. sótt sína matarbakka sjálfir þó þeir treysti sér ekki til að matbúa á hverjum degi.



Ekkert félag eldri borgara er á svæðinu en margir eru í félagi eldri borgara á Selfossi. Kvenfélagið hefur að einhverju leyti sinnt félagsstarfi aldraðra. Spurning er hvort ekki sé orðið tímabært að stofna félag eldri (heldri) borgara. Hugmynd kom líka fram um

hvort að í nýju sveitarfélagi ætti ekki að vera einhverskonar eldri borgararáð sem yrði ráðgefandi fyrir sveitastjórnina í þeim málefnum sem snerta eldri borgara.

Fram kom að mörgum þætti viðkvæmt að tala um „eldri borgara“. Mörgum finnst það neikvætt hugtak. Það þarf að breyta því viðhorfi. Eldra fólk hefur oft en ekki meiri tíma en yngra fólk og það er bara kostur ef hægt er að stuðla að virkum félagsskap meðal aldraðra. Spurning er hvort eigi að tala um „heldri borgara“ í stað „eldri borgara“. Virkja þarf einhvern úr hópi eldri borgara til að koma þessu af stað. Hafa mætti opið hús því þegar fólk hittist finnur það þörfina fyrir að hittast oft og gera eitthvað saman.

### **Aðgerðir/leiðir**

Nýja sveitarfélagið á að geta veitt betri þjónustu og boðið upp á meira tómstundarstarf fyrir eldri borgara. Nýtt sveitarfélagið ætti að móta stefnu í þessum málum og nýta mannauðinn sem felst í eldra fólkinu, t.d. inn í grunnskólann og leikskólann. Nýs sveitarfélags bíða spennandi og krefjandi verkefni við að móta stefnu á öllum sviðum. Um leið og sveitastjóri hefur verið ráðinn þarf að hefja þessa stefnumótunarvinnu af krafti. Það þarf drífandi sveitarstjóra í þessi mál.

Mikilvægt er að móta stefnu í málefnum eldri borgara sem allra fyrst. Kanna þarf hvort ekki er hægt að bjóða uppá matarbakka fyrir eldri borgara. Nýta þarf þann mannauð sem felst í eldra fólki sem komið er af vinnumarkaði, t.d. inn í grunnskólann og leikskólann. Hvetja þarf til stofnunar félags eldri borgara og stuðla að auknu félagsstarfi þeirra. Stofna þarf sérstakt eldri borgararáð í nýju sveitarfélagi.

### **Stjórnsýslan**

Talsverð umræða var um stjórnsýslu nýs sveitarfélags. Í sveitarstjórnarkosningunum í vor verður kosin sjö manna sveitarstjórn og fundarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að ráðinn verði öflugur sveitarstjóri sem fyrst eftir kosningar. Rætt var um hvernig nefndarkerfi íbúar vilja sjá og óhætt er að segja að einhugur hafi verið meðal þeirra sem tjáðu sig um málið.

### **Aðgerðir/leiðir**

Niðurstaðan var sú nefndarkerfið byggði á fimm fagnefndum:

- Atvinnu- og ferðamálanefnd
- Félagsmála-, íþrótt- og tómstundanefnd. Forvarnir og félagsheimili falla þar undir
- Fræðslunefnd frá leikskóla og uppúr.
- Skipulags- og byggingarnefnd
- Umhverfisnefnd

Hvað umhverfismálin varðar þá var ákveðið að leggja til að sérstök umhverfisnefnd yrði í nýju sveitarfélagi. Reynslan sýnir að þegar umhverfismálin eru með öðrum málaflokkum, s.s. skipulagsmálum, þá verði þau útundan. Nýtt sveitarfélag þarf að móta sér umhverfisstefnu. Þetta er málaflokkur sem er að stækka. Huga þarf að Staðardagskrá 21 sem er alhliða umhverfisáætlun sveitarfélaga. Minni sveitarfélög geta fengið mjög góða ráðgjöf í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga (UMÍS).

Lögð var áhersla á það að til þess að nefndirnar séu skilvirkar þurfa þær að hafa næg verkefni. Hverjir veljast í nefndirnar hefur líka mjög mikið að segja, sérstaklega formaðurinn.

## **Staðsetning stjórnarsýslunnar**

Rætt var um hvar stjórnarsýslan ætti að vera til húsa í nýju sveitarfélagi. Tveir staðir koma helst til greina, Þingborg og Félagslundur. Tilbúið húsnaði er í Þingborg en þyrfti að lagfæra í Félagslundu. Flestum líst best á Þingborg, en staðsetningin gæti þó orðið tilfinningamál, sérstaklega fyrir Gaulverja. Flestir voru á því að skynsamlegast væri að velja Þingborg.

## **Fjöldi starfsmanna í stjórnarsýslu**

Þeirri spurningu var velt upp hvað væri raunhæft að hafa marga starfsmenn hjá nýja sveitarfélaginu? Niðurstaðan var sú að ráða sveitastjóra og skrifstofumann í 100% starf og að oddvitinn yrði í tilteknu starfshlutfalli sem slíkur (t.d. 25%). Byggingafulltrúi gæti hugsanlega nýst með öðrum sveitarfélögum eða verið í hlutastarfi. Sá þyrfti að vera fagmenntaður.

## **Byggðasamlög**

Ekki er verið að leggja niður nein byggðasamlög nema um rekstur grunn- og leikskóla. Þau byggðasamlög sem eftir verða gegna áfram sínu hlutverki og ekki talin þörf á breytingum þar.

## **Íbúalýðræði**

Mikilvægt er að íbúarnir hafi tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós og íbúalýðræði því mikilvægt. Þannig skapast aðhald frá íbúnum auk þess sem margar góðar hugmyndir geta kviknað. Fundarmenn voru sammála um að bjóða ætti upp á íbúafundi þar sem allir geta komið og viðræð skoðanir sínar. Slíkir fundir þurfa ekki að vera í heilan dag eins og á íbúapingi, t.d. væri hægt að taka fyrir afmörkuð viðfangsefni á tveggja tíma fundum. Minni hrepparnir hafa ekki verið nógu duglegir við að halda svona íbúafundi.

Upplýsingaflæði innan hreppanna er oft ekki nógu gott. Til dæmis vantar upplýsingar frá leikskólanum, fáir vita hvað er um vera þar. Grunnskólinn stendur sig vel í að senda út fréttabréf. Góð heimasíða er mikilvæg fyrir upplýsingaflæði. Einnig útgáfa fréttabréfa, eins og hefð er fyrir í öllum hreppunum þar sem ungmennafélögin hafa staðið sig vel. Spurning er hvort að leikskólinn gæti ekki gert slíkt hið sama. Skólarnir eru hornsteinn í hverju sveitafélagi og mikilvægt að allir geti fylgst með því sem þar fer fram, jafnvel þó þeir eigi ekki börn þar. Gott væri að hafa sameiginlegt fréttabréf fyrir alla hreppana. Það gæti verið eitt af hlutverkum nýs sveitastjóra. Nauðsynlegt er að koma upplýsingum til allra í sveitinni.

Ungmennafélögin hafa gefið út fréttabréf hvert í sínum hreppi. Ef sveitafélagið gefur út fréttabréf gæti það boðið ungmennafélögunum að vera hvert með sína síðu. Þannig gætu ungmennafélögin sparað póstkostnað og upplýsingarnar færu inn á öll heimili sem stuðlar að aukinni samstöðu og samkennd íbúanna. Félögin verða þó að ráða þessu sjálf.

Ef haldið er úti virkri heimasíðu og gefin út fréttabréf ætti það að dekkja vel upplýsingagjöf til allra. Gæta þarf þess að uppfæra heimasíðuna reglulega því annars virkar hún ekki sem skyldi. Mætti t.d. leyfa íbúum að tjá skoðanir sínar á heimasíðunni á málefnalegan hátt og setja inn á hana upplýsingar um það sem er á döfinni hverju sinni. Einnig er hægt að hafa formlegar eða óformlegar skoðanakannanir.

Rætt var um hvernig tekið er á móti nýjum íbúum sem flytjast í sveitarfélagið. Í dag er ekkert sérstakt gert í þeim málum. Best er ef „nýbúar“ ganga í kórinn og/eða kvenfélagið til að kynna fólkinu. Mjög vel er tekið á móti nýju fólki þar. Þegar sveitarfélagið er orðið stærra þarf að veita betri upplýsingar um hvað sveitarfélagið býður upp á. Það ætti að verða auðveldara með sveitarstjóra og starfsmanni á skrifstofu.

Einhverjir töldu mikilvægt að listar kæmu fram fyrir kosningar því annars yrði erfitt að kjósa einstaklinga þar sem um stærra sveitarfélag er að ræða, og ekki þekkja allir alla. Ef fram koma listar þá er líka verið að kjósa um ákveðin mál. Ef aðeins kemur fram eitt framboð verður að vera góð sátt um það.

### **Aðgerðir/leiðir**

Mikilvægt er að standa reglulega fyrir íbúafundum um tiltekin mál. Góð og aðgengileg heimasíða þarf að vera til staðar í nýju sveitarfélagi. Sameiginlegt fréttabréf þarf að berast inn á öll heimili. Útbúa þarf gagnlegar upplýsingar til „nýbúa“ og þeirra sem eru að velta fyrir sér búsetu í sveitarfélaginu.

Lokaorð hópsins: *„Íbúar sveitarfélagsins eru hvattir til barneigna! Börnin eru framtíðin!“*

### 3.2. Skipulagsmál, umhverfi og atvinnumál

Alls tóku um 20 manns þátt í umræðum í vinnuhópi um skipulagsmál, umhverfi og atvinnumál. Í hópnum var góð blanda af íbúum og flestir tóku virkan þátt í umræðum og skoðanaskiptum. Nokkuð var um að fólk færi á milli hópa þegar líða tók á daginn. Hópstjóri var Dofri Hermannsson og ritari var Ottó Valur Ólafsson.

#### Sveitarfélagið eftir 10 – 15 ár

Umræðurnar hófust á almennum nótum með því að fólk velti fyrir sér framtíðarsýn til næstu 10-15 ára. Reyndar var sá háttur hafður á við umræður í hverjum málafllokki að byrjað var á að ræða hvernig staðan væri í dag, hvernig fólk vildi sjá framtíðina og hver væri þá að mati fólks besta leiðin að settu marki.

Aðalskipulag til næstu 12 ára liggur fyrir en þar kemur fram hvernig menn sjá búsetuþróun fyrir sér. Hafa ber þó í huga að slíkt skipulag þarf reglulega að endurskoða ekki síst nú þegar ásókn í land og byggingarrétt heilsárs- og sumarhúsa á svæðinu hefur aukist mikið.

Rætt var um að sameina aðalskipulag hreppanna í kring og samræma reglugerðir hinna sameinuðu hreppa. Eins og staðan er núna má byggja 3 íbúðarhús á hverri jörð. Ef jörð er skipt upp eða partur seldur úr jörðinni þarf að kaupa byggingarrétt jarðarinnar með, nema sótt sé um sérstaklega en það þýðir þá um leið breytingu á aðalskipulagi.

Fundarmenn voru á einu máli um að sveitarfélag samanstandi af því fólki sem þar býr, og að sjálfsagt sé að taka vel á móti nýju fólki sem vill flytjast í Flóann. Spurningin er bara hvaða leiðir sé best að fara við að laða að og taka á móti nýju fólki?

#### Aðgerðir/leiðir

Það hefur orðið sprenging í ásókn fólks í að flytja í sveitarfélagið. Ekki síst er eftirspurn eftir landskika til að byggja á heilsárs- eða frístundahús. Fundarfólk lét í ljós þá skoðun að mjög þétt byggð, eins og nýlega var sett í sölu í Sandvíkurhreppi hinum forna, væri hins vegar ekki eftirsóknarverð. Betra væri að ákveða tiltekna stærð lands, t.d. að 3-5 hekturum fylgdi sjálfkrafa byggingarréttur á einhverjum skilgreindum svæðum. Þetta er þó verkefni sem eftir er að vinna og yrði hluti af endurskoðun aðalskipulags. Taka þarf afstöðu til þess hvar veita á leyfi fyrir því að jörðum verði skipt upp og hvar ekki en um þetta spunnust nokkrar umræður enda vandmeðfarið að taka ákvarðanir af þessu tagi og miklir hagsmunir í húfi fyrir jarðeigendur. Nauðsynlegt er að endurskoða og gera nýtt sameiginlegt aðalskipulag fyrir hið nýja sveitarfélag, hafi það ekki þegar verið gert.



## **Þéttbýli eða dreifbýli?**

Fundarfólk var á einu máli um að það verður að taka afstöðu til þess hvort leyfa eigi þéttbýlismyndun á ákveðnum stöðum og hversu mikið sveitarfélagið eigi að stýra þéttbýlismyndun. Við slíkar umræður getur myndast lýðræðisleg slagsíða í hreppunum en þó fannst fundarmönnum ekki ástæða til að óttast slíkt. Útsvar fólksins í þéttbýlinu er jafn gott og hinna og þéttbýliskjarnar eins og t.d. í Laugardælum hafa líka sína kosti.

### **Aðgerðir/leiðir**

Ef menn vilja losna við hugsanlega þéttbýliskjarna síðar, t.d. af því að hann eigi í eðli sínu meiri samleið með þéttbýlinu á Selfossi, má hugsa sér makaskipti á landi við Árborg. Það var þó bent á að slík makaskipti taka oft mjög langan tíma og það er flókið ferli að færa mörk sveitarfélaga.

## **Atvinnumál**

Eins og staðan er í dag er fólk að sækja vinnu í allar áttir. Margir íbúar í austanverðum Flóa vinna á Selfossi og í nágrenni við sína heimabyggð en greiða sína skatta og skyldur til síns sveitarfélags. Það er ekki hlutverk sveitarfélagsins að útvega íbúum sínum atvinnu en það á að búa í haginn fyrir slíka starfsemi með ýmsu móti.

### **Aðgerðir/leiðir**

Mikilvægt er að tryggja góða og örugga innviði (infrastrúktúr) og fjarskiptanet á svæðinu. Dæmi um slíkt eru vegir innan sveitarfélagsins og ekki síður gott internet- og farsímasamband. Það var samdóma álit fundarins að mikið væri óunnið í þessum málum. Vegir eru víða vondir, farsímasamband er mjög stopult og internetsamband víða lélegt eða ekki fyrir hendi. Það er ljóst að ef ekki verður bætt úr þessum atriðum munu þau standa í vegi fyrir fjölgun íbúa og hamla eftirspurn eftir búsetu í sveitarfélaginu. Allir voru sammála um að þetta hefur mikil áhrif á tækifæri fólks til vinnu og náms og að bráðnaðsynlegt sé að þessum málum verði kippt í lag.

## **Skipulag fyrir atvinnustarfsemi**

Rætt var hvort stýra bæri því með einhverjum hætt hvar atvinnusvæði byggðust upp. Fram kom að flestar jarðir hafa leyfi til að byggja skemmur sem rúma lítil fyrirtæki s.s. vélsmiðjur og verkstæði sem eru með nokkur ársverk. Þykir ekki ástæða til að stýra því sérstaklega hvar fyrirtæki af þeirri stærðargráðu byggðust upp. Hins vegar var rætt hvort byggja ætti upp sérstakt iðnaðarsvæði fyrir fyrirtæki af stærri gerðinni. Fram kom að ekki eru allir ánægðir með lyktina frá kjötmjölsverksmiðjunni og sýndist því sumum að réttast væri að hafa þess konar starfsemi í einum hnapp á ákveðnu svæði. Það hlaut þó dræmar undirtektir hjá ýmsum sem ekki þótti sjálfsagt að leggja það á nágrenna fyrirhugaðs verksmiðjustæðis. Sumir voru á þeirri skoðun að mengandi starfsemi fæli burt ýmsa aðra starfsemi.

### **Aðgerðir/leiðir**

Eftir nokkrar umræður um þessi mál var það niðurstaðan að margir fletir væru á málinu og að það þyrfti að ræða betur og í raun þyrfti sveitarfélagið að marka sér stefnu í þessum málum. Ræða þyrfti hvernig iðnað væri æskilegt að laða að svæðinu



og hvernig iðnað fólk vildi ekki fá af því að það kæmi niður á annarri starfsemi s.s. landbúnaði og ferðaþjónustu.

## **Sumarhúsabyggð**

Aðeins var rætt um þá sumarhúsabyggð sem fyrir er í hreppunum þremur, en fram kom að hún er töluverð þótt ekki hafi enn verið farið út í stórtæka skipulagningu í þeim efnunum. Einnig var rætt að samkvæmt nýjum dómum hæstaréttar er sveitarfélagi skylt að sjá íbúum sumarhúsa fyrir allri þjónustu, s.s. skólum ef fólk kys að flytja lögheimili sitt í sumarhúsið í sveitinni.

### **Aðgerðir/leiðir**

Fundarfólk var á þeirri skoðun að frekar ætti að leggja áherslu á að byggja upp heilsárshús en þeim fylgi stöðugri búseta fólks sem borgar sín gjöld til samfélagsins í nýju sveitarfélagi.

## **Vilja íbúar halda í sveitarsamfélagið**

Spurt var hvort íbúar vildu byggja upp þéttbýliskjarna með verslunum og annarri þjónustu. Það þótti hins vegar óþarfi þar sem stutt er á Selfoss og ljóst að þéttbýliskjarni svo stutt frá myndi aldrei verða samkeppnisfær.

Í framhaldi af þessu hófst umræða um nýtingu félagsheimila og íþróttastöðu. Fram kom að félagslíf er gott t.d. kórastarf og í raun er nú þegar mikil samvinna á þessu sviði milli hreppanna. Rætt var hvort ástæða væri til að sameina íþróttafélögin en það var mál manna að slíkt væri óþarfi fyrst um sinn. Það myndi gerast sjálfkrafa síðar þar sem börnin eru saman í skólanum og það er eðlilegt að þau komi til með að líta á sig sem eina heild.

### **Aðgerðir/leiðir**

Niðurstaða umræðunnar um félagsheimilin var að best væri að þau sérhæfðu sig meira en verið hefði og skiptu með sér mismunandi starfsemi og þjónustu.

## **Vegamál**

Nýlega var lagt slitlag á um hluta vega sveitarfélagsins en ennþá á eftir að leggja slitlag á marga vegi innan sveitarinnar. Rætt var um hve miklu þyrfti að kosta til að ljúka við að malbika afganginn og var áætlað að það myndi kosta um hálfan milljarð. Fram komu nokkrar tillögur að fjármögnun og tillögur að vegalagningu til að bæta samgöngur innan sveitarfélagsins, t.d. um tengiveg á milli Oddgeirshóla og Brúnastaða sem sparað gæti mikinn akstur.

Nokkur umræða spannst um malbik eða ekki malbik og fram kom það sjónarmið að erlendir ferðamenn sem hingað kæmu vildu gjarna ríða og aka um sveitavegi. Það þætti þeim meira sjarmerandi en að alls staðar væri malbik eins og heima hjá þeim. Í framhaldi af þessari athugasemd var rætt af hverju fólk vildi fá malbik, hvort það væri bara til að geta ekið hraðar en stór hætta væri að fara ríðandi meðfram malbikuðu vegunum vegna þess hve fólk ekur hratt um þá.

### **Aðgerðir/leiðir**

Meðal hugmynda sem fram komu um fjármögnun var að hætt yrði við Suðurstrandaveg sem fundarfólk var sammála um að væri mjög vond hugmynd og því

fjármagni veitt í vegagerð innan hreppsins. Einnig var minnst á að fá Landsvirkjun til að taka þátt í kostnaði við einhverja vegi sem nýttust fyrirtækinu við virkjanir þess. Ekki þótti þó öllum ráðlegt að hengja vegalagningu sveitarinnar á framkvæmdir Landsvirkjunar.

Fólk var almennt á þeirri skoðun að malbik færi mun betur með bílana og þar spöruðust háar fjárhæðir, bílarnir væru mun hreinni og að alla jafna væri meira öryggi í að aka malbikið en gömlu vegina. Þá skipti þetta miklu máli fyrir þróun byggðar í sveitarfélaginu því nú þegar væri farið að byggjast upp þar sem von væri á malbiki. Þetta hefur mikil áhrif á akstur til og frá vinnu og skóla.

Það var hins vegar niðurstaða hópsins að athuga þyrfti með það að leggja reiðvegi í gegnum sveitarfélagið sem ekki væru alveg við hliðina á akveginum til að losna við hættuna af umferðinni, og einnig fyrir þá sem gera út á að selja ferðamönnum reiðtúra í sveitasælunni. Það er nauðsynlegt að huga að slíku um leið og tekið er á vegamálum almennt og mikilvægt t.d. fyrir ferðaþjónustuna og hestaeigendur að bjóða upp á reiðleiðir fjarri hraðbrautum þar sem mögulegt er.

## Umhverfismál

Byrjað var á umræðu um sorphirðu en almennt er söfnun sorps í góðu lagi í sveitarfélögunum. Hins vegar er ekki um neina flokkun að ræða enn sem komið er. Fólk var þó á einu máli um að það hlyti að koma að því í náinni framtíð þar sem sorp væri alltaf að aukast og því fylgdi aukinn kostnaður sem fólk á endanum þyrfti alltaf að greiða fyrir. Rætt var um hvernig þessum málum er háttað í löndunum í kringum okkur og þróunina á Íslandi á næstu árum. Rætt var um moltukassa en einhverjir eru byrjaðir á að setja allan lífrænan úrgang í slíka kassa. Það minnkar sorpið umtalsvert og gerir það líka þrífalegra. Engar greiðslur eru enn fyrir förgun á rusli en fólk var sammála um að það kæmi brátt að því að greitt yrði fyrir þessa þjónustu eftir vigt. Fundurinn var á einu máli um að það væri “framtíðarbissness” í því að farga rusli.

Varðandi önnur umhverfismál þá kom í ljós að ekki eru umhverfisnefndir í öllum hreppunum og ljóst að ýmsar reglugerðir sem fara á eftir í þessum efnunum eru hunsaðar. Í þessu sambandi var rætt um efnistöku í sveitinni en að mati sumra þarf að standa betur að henni. Einkum þótti mönnum að Vegagerðin hefði farið ósnyrtilega að við efnistöku á holtum. Þess hefði ekki verið gætt að valda eins litlu raski og hægt er. Þetta leiddi af sér umræðu um kostnað en allur frágangur kostar sitt og þá verður að reikna það inn í verðið sem fólki þykir oft nógu hátt samt. Fundarmenn voru sammála um að kostnaður við frágang yrði að vera inni í verðinu því annars væri í rauninni bara verið að fresta honum eða koma honum á einhvern annan.



## Aðgerðir/leiðir

Nýtt og sameinað sveitarfélag þarf að hafa frumkvæði að því að koma flokkun sorps og annars úrgangs í réttan farveg í samvinnu við þá aðila sem vinna að sorpeyðingu og umhverfismálum. Finna þarf hóflega og sanngjarna gjaldtöku vegna flokkunar og eyðingar á sorpi. Stofna þarf sameiginlega umhverfisnefnd og sjá til þess að reglugerðum um umhverfismál sé fylgt eftir.

## **Veitumál**

Mikil umræða spannst um veitumál en þar er víða úrbóta þörf. Núna er verið að leita að heitu vatni á nokkrum stöðum og það gefur góð fyrirheit. Rætt var um hitaveitu á svæðinu og mögulega tengingu við Árborg en það er að ýmsu að huga í þessu sambandi því hitaveita í strjálbýli er dýr. Það var hins vegar almenn skoðun að heitt vatn væri mjög mikilvægt fyrir búsetuþróun og fjölgun í sveitarfélaginu.

Varðandi kalda vatnið þá er lögnin sums staðar orðin um 30 ára gömul og þrýstingur á vatninu er víða mjög lítill og stundum hreinlega vatnslaust. Þetta er að sjálfsögðu mjög bagalegt fyrir þá sem búa við þennan vatnsskort og hefur mjög slæm áhrif á bæði búskap og ferðapjónustu hjá viðkomandi aðilum. Fram kom að nú eru einstaklingar að ganga úr öðrum verkum þegar kaldavatnið bilar og reyna að bjarga málunum.

## **Aðgerðir/leiðir**

Niðurstaða hópsins var að endurnýja þyrfti kaldavatnslögnina og að athuga þyrfti hvort ekki væri best að gera samning við einhvern þjónustuaðila um að sjá um vatnið og sameiginlegar byggingar í nýju sveitarfélagi.

## **Almenningssamgöngur**

Rætt var um almenningssamgöngur, bæði innan nýs sveitarfélags, og eins upp á Selfoss. Fólk var sammála um að það gæti verið þörf fyrir almenningssamgöngur hjá unglingum og eldra fólki sem ekki treysti sér til að keyra sjálft. Fram kom að mikið er um að „skutla” þurfi börnun í ýmiss konar tólmundastarf og á íþróttæfingar upp á Selfoss.

## **Aðgerðir/leiðir**

Niðurstaða hópsins í þessum efnum var að best væri að athuga hvort ekki mætti samræma meira tólmundastarf og skólustarf, þannig að skóladaðurinn verði samfelldari. Varðandi aksturinn sjálfan þá ætti ekki að vera mikill aukakostnaður af því að útfæra skólaaksturinn svo að fleiri gætu nýtt sér hann, t.d. eldra fólk sem vill komast upp á Selfoss í félagsstarf eða þjónustu.

## **Ferðapjónusta**

Ferðapjónusta er vaxandi atvinnugrein á svæðinu eins og annars staðar og ferðamálanefnd hefur skilað af sér ferðamálastefnu og korti fyrir ferðamenn. Það þarf enn að vinna í viðhorfi íbúanna sjálfra og fá þá til að sjá tækifærin í ferðapjónustunni. Í þessu sambandi komu fram þau sjónarmið að nýjar hugmyndir kæmu oft með nýju fólki og að það væri gott. Bent var á að það væri margt að sjá og skoða t.d. fjöruna sem hefur mikið aðdráttarafl. Einhverjir vildu meina að virkjanir myndu hafa mikið aðdráttarafl en ekki voru allir á einu máli um það.

## **Aðgerðir/leiðir**

Niðurstaðan var að það bæri að vinna að vexti þessarar greinar í sveitarfélaginu og hlusta á þær hugmyndir sem fram koma og reyna að vinna að því að koma þeim í framkvæmd.

## **Jafnréttismál**

Eftir að dagvistun fyrir börn komst í gott horf hefur staða kvenna batnað mjög en fram að þeim tíma var það almennt álitíð sjálfsagt að konan hætti að vinna þegar hún eignaðist börn og væri bara heima með börnin þangað til þau færu í skóla. Þetta gengur kannski þegar fólk er með búskap og getur samræmt þetta vinnu á búinu en fyrir annað fólk er þetta alveg vonlaust. Staðan á þessum málum er hins vegar orðin mjög góð í dag, fólk er ánægt með þjónustuna og finnst hún vel staðsett.

### 3.3. Lífið og tilveran

Í vinnuhópinn mættu 15 manns til að byrja með en síðan fjölgaði í um 20 manns þegar líða tók á daginn. Fulltrúar í hópnum voru með fjölbreyttan bakgrunn og dreifða búsetu á svæðinu. Umræður fóru fram á breiðum grundvelli en fólk komst nokkuð fljótt að kjarna mála og ágæt samstaða náðist um ýmis mikilvæg áhersluatriði áður en yfir lauk. Hópstjóri var Sigurður Tómas Björgvinsson og ritari var Ingibjörg Guðmundsdóttir.

#### Félagsheimilin

Í aðdraganda sameiningarkosninga var mikið rætt um framtíð félagsheimilanna og ljóst að margir íbúar höfðu áhyggjur af því hvort starfsemi þeirra og rekstrargrundvöllur myndi raskast við sameiningu hreppanna. Þrjú félagsheimili eru rekin af hreppunum þremur í austanverðum Flóa; Félagslundur í Gaulverjabæjarhreppi, Þingborg í Hraungerðishreppi og Þjórsárver í Villingaholtshreppi. Fyrir íbúapingið var því vitað að framtíð félagsheimilanna yrði eitt af stóru málunum sem brenna myndi á íbúum.

#### Starfsemi félagsheimilanna

Til að byrja með ræddi vinnuhópurinn almennt um þá starfsemi sem fram fer í félagsheimilunum í dag. Það kom fljótt fram, hjá þeim sem tóku þátt í umræðum hópsins, að félagsheimilin gegna lykilhlutverki í því að halda uppi félagslífi, tómsundum, afþreyingu, íþróttum og mannamótum í hreppunum þremur. Félagshimilin eru hjartað í mannlífinu í Flóanum og án þeirra myndi allt félagslíf og nauðsynleg samvera og samkennd íbúanna smá saman hverfa, vildu margir meina.



Fram kom að í öllum félagsheimilunum fer fram starfsemi hreppsins, þorablót, ættarmót, erfidrykkjur, veislur, fundir, ráðstefnur, starfsemi félaga, tónlistarviðburðir, önnur menningarstarfsemi og í öllum þeirra eru stundaðar íþróttir af einhverju tagi. Félagshimilin eru öll vel búinn af tækjum og innanstokksmunum til þess að taka við stórum veislum, fundum, ráðstefnum, ættarmótum og öðrum viðburðum.

Húsnaði, staðsetning og aðstaða félagsheimilanna er þó frábrugðin að einhverju leyti og því hefur orðið ákveðin sérhæfing, bæði sjálfkrafa og vegna þeirrar stefnu sem stjórnir og eigendur húsanna hafa mótað. Þannig hafa stærri fundir og ráðstefnur frekar verið haldnir í Þingborg, og þar er einnig besta aðgengið fyrir fatlaða og staðsetningin nærri þjóðveginum og Selfossi hefur einnig haft sína kosti. Í Þjórsárveri töldu margir að væri besta útiástaðan, sem hentaði t.d. mjög vel fyrir ættarmót og stærri veislur að sumri til. Þar hefur starfsemin einnig tengst meira starfsemi grunnskólans eftir að skólarnir voru sameinaðir í Flóaskóla í Villingaholti. Félagslundur hefur einnig sína kosti, m.a. fallett og kyrrlátt umhverfi fjarri

Þjóðveginum og eftir að sérdeildin í Gaulverjaskóla hóf starfsemi má búast við meiri tengingu og samvinnu þar á milli.

### **Aðgerðir/leiðir**

Flestir þeir sem tóku til máls í hópnum töldu það væri eðlilegt að sú sérhæfing og þær hefðir sem smá saman hefðu myndast í félagsheimilunum myndu halda áfram. Best væri að eftirspurn og stefna núverandi stjórna og eigenda fengi þar að ráða ferðinni. Þó töldu margir að það væri æskilegt að einhverskonar samræmingaraðili kæmi að nýtingu og starfsemi félagsheimilanna. Annað hvort sameiginleg yfirstjórn eða samráðsnefnd. Bent var á að hægt væri að ná fram hagræðingu í rekstri félagsheimilanna með aukinni samvinnu og samhæfingu t.d. varðandi innkaup á rekstrarvörum. Samvinna og samnýting myndi einnig þýða að ekki þyrfti alltaf að kaupa sömu tæki og búnað í öll félagsheimilin því hægt væri að færa á milli eftir notkun og áherslum í hverju félagsheimili.

### **Rekstrarform**

Mikið var rætt um rekstrarform félagsheimilanna og voru skiptar skoðanir um hvaða form væri æskilegt eða hvort ástæða væri til þess að hafa sama rekstrarform á þeim öllum. Mikilvægt er að hafa í huga að öll félagsheimilin eru í sameign hreppa, ungmennafélaga og kvenfélaga, þó eignarhlutföll séu misjöfn eftir svæðum. Félagslundur og Þingborg eru rekin á kennitölu hreppanna, en Þjórsárver hefur verið rekið á sérstakri kennitölu, þó félagsheimilið njóti einnig styrkja frá hreppnum eins og hin tvö. Þá hefur Þjórsárver einnig verið með fastan starfsmann og sumarstarfsmenn til þess að sinna ferðaþjónustu sérstaklega yfir sumartímann. Það hefur því e.t.v. verið meira lagt í reksturinn í Þjórsárveri en hinum tveimur og meira lagt í markaðssetningu og ýmsa viðburði. Reksturinn hefur kostað sitt en eitthvað hefur komið af sértekjum á móti.

Sérstakar stjórnir skipaðar fulltrúum eigenda bera ábyrgð á rekstri hvers félagsheimilis. Í Þjórsárveri er starfandi sérstök rekstrarnefnd sem virkar sem rekstrarstjórn, þar sem félögin og hreppurinn eiga sína fulltrúa. Því var haldið fram að Þjórsárver væri með sjálfstæðari rekstur en hin húsin og samkvæmt rekstraraðila hússins hefur rekstrarformið komið vel út.

Í kjölfarið voru miklar umræður um það hvort æskilegt væri að sameina rekstur félagsheimilanna undir eina sameiginlega stjórn. Sumir töldu nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að sameina reksturinn undir eina yfirstjórn eða samráðshóp, sem skipuð yrði fulltrúum allra eigenda. Aðrir lögðu áherslu á að halda áfram þremur stjórnnum yfir félagsheimilunum og vildu láta á það reyna hvort ekki væri hægt að reka félagsheimilin áfram í því formi sem verið hefur undanfarin ár. Þeir sem fylgjandi voru hægfara breytingum bentu á að sameining og samruni félagsheimilanna myndi gerast sjálfkrafa með árunum, með sameiginlegum skóla munu börnin blandast meira og í kjölfarið myndu félög sameinast og sennilega rynni rekstur félagsheimilanna saman í kjölfarið.

Bent var á samkeppnissjónarmið í rekstri félagsheimilanna. Rekstur þeirra er blanda af menningu og þjónustu og gæta þarf þess að reksturinn sé ekki í samkeppni við sambærilegan rekstur einstaklinga í sveitinni þótt ekki haldi margir úti bændagistingu og ferðaþjónustu hér. Félagshimilin eru rekin fyrir opinbert fé og þar er verið að styðja atvinnurekstur sem er svo kannski í samkeppni við einkaaðila. Samkeppni af þessu tagi er varasöm og við þurfum að gæta okkar þó svo að starfsemin sé ekki umsvifamikil enn sem komið er. Að þessu leyti töldu sumir að betra væri að hafa sérstakt rekstrarfélag um félagsheimilin, og sveitarfélagið greiddi ákveðið gjald eða

taxta fyrir afnot, eins og t.d. íþróttæfingar, menningarviðburði og mannamót á vegum sveitarfélagsins. Þannig væri komið í veg fyrir beinan opinberan rekstur af hálfu nýja sveitarfélagsins. Aðrir bentu á í þessu samhengi að leitun væri af einstaklingum eða fyrirtækjum sem væru í beinni samkeppni við félagsheimilin, t.d. um fundaraðstöðu eða aðstöðu fyrir stórar veislur.

### **Aðgerðir/leiðir**

Mjög skiptar skoðanir voru innan hópsins um bæði rekstrarform og yfirstjórn félagsheimillanna, eins og fram kemur hér að ofan. Um helmingur þeirra sem tók til máls vildi hafa rekstrarformið óbreytt áfram og gefa þessum breytingum góðan tíma á meðan sameiningin er að ganga yfir. Bent var á að e.t.v. myndu ungmennafélögin og kvenfélögin smám saman renna saman og í kjölfarið myndi rekstur félagsheimilanna gera það líka, en þetta þyrfti að fá að hafa sinn gang. Þessir sömu aðilar vilja einnig að þrjár sjálfstæðar stjórnir verði yfir félagsheimilunum áfram og treyst verði á samvinnu og samnýtingu þeirra í milli eins og verið hefur. Hinn hópurinn var frekar á þeirri skoðun að nauðsynlegt væri að hafa eitt sameiginlegt rekstrarfélag yfir öllum félagsheimilunum, með einni yfirstjórn sem e.t.v. gæti verið í höndum sveitarstjórnarinnar sjálfrar. Þessi hópur taldi einnig að þetta þyrfti að gerast fljótlega því mikilvægt væri að ná samnýtingu og hagkvæmni í rekstri félagsheimilanna með einu rekstrarfélagi.

Niðurstaðan var að nauðsynlegt væri að koma á fót vinnuhópi til þess að samræma þessi mál og finna ásættanlega lausn um rekstur og stjórn félagsheimilanna. Áhersla var lögð á að þetta yrði að gera sem fyrst, en samt yrðu menn að taka góðan tíma í að skoða þessi mál. Fram kom að óvissa er um eignarhald og eignarhlutföll í ákveðnum félagsheimilum, t.d. varðandi innanstokksmuni, tæki og áhöld, því frjálsum félögin hafa verið að kaupa þessi tæki smám saman og spurning er hvort þau eru sameignir eða séreignir.

Skilgreina þarf hlutina til að koma á farsælu samstarfi og staða hvers félagsheimilis verður að vera þekkt áður en farið er í sameiningu á rekstri þeirra. Það kallar á mikla undirbúningsvinnu. Mikil vinna er óunnin í að finna út eignarhlut félaganna í hverju félagsheimili. Mikil sjálfboðavinna var unnin við byggingu heimilanna í upphafi og er eftir að meta þá vinnu. Hvert og eitt félagsheimili þarf að vinna sína forvinnu og svo öll sameiginlega. Það er ekki hægt fyrr en á næsta kjörtímabili og næsta sveitastjórn ætti að halda utan um þessa undirbúningsvinnu og hafa frumkvæði að henni.

Lokaorðin um þetta mikilvæga málefni voru: “Við höfum þroska til þess að finna mjúka lendingu í þessu máli. Ungmennafélögin eru sterk og gróskumikil og vinna mikið og gott starf á þessu svæði en eðlilegt að skiptar skoðanir séu um hvaða leið á að fara að settu marki. Það þarf að gefa þessari sameiningu tíma og setja á vinnuhópa, ekki flana að neinu en ekki má bíða of lengi.”

### **Íþróttir**

Að lokinni umræðu um félagsheimilin var rætt sérstaklega um íþróttir, bæði starfsemi íþróttafélaga, einstaklinga og íþróttastarf tengt skólum. Fram kom að svæðið er landsþekkt fyrir mikið íþrótt- og félagsstarf. Þróunin í íþróttamálum víðast hvar á landinu hefur verið í þá átt að tengja þau meira beint við skólastarfið. Bent var að á að sveitarfélagið Árborg hafi einmitt verið í forystu hvað þetta varðar, en nemendur í Flóa á unglingsstigi ganga í skóla í Árborg. Þrátt fyrir góða starfsemi í ungmennafélögunum í Flóanum, t.d. í frjálsum íþróttum, glímu og körfubolta þá þurfa

börn og unglingar að sækja flestar flokkaíþróttir, eins og fótbolta og handbolta, á Selfoss.

Sumir vildu ganga svo langt að halda því fram að Flóaskóli væri í hálfgerðri tilvistarkreppu hvað íþróttalíf snertir. Bent var á að hluti af börnum í Hraungerðishreppi sem ættu að vera í Flóaskóla stundi nú nám á Selfossi, m.a. vegna þessa. Ástæðan væri fyrst og fremst að það skortir bæði íþróttahús og góða útiaðstöðu. Einnig væri Flóinn of fámennur til að halda uppi metnaðarfullum flokkaíþróttum og félögin það lítil að þau hafa ekki fé né bolmagn til þess að hafa þjálfara á háum launum. Vandamálið er að æfingar í flokkaíþróttum barna og unglunga á Selfossi hafa verið að færast framar á daginn og því eiga nemendur í Flóaskóla erfitt með að komast á þær á réttum tíma, t.d. ef þær byrja skömmu eftir að skóla lýkur í Flóanum eða um kl 14.30. Þannig hafa foreldrar þurft að leggja það á sig að fara úr vinnu og keyra börnin á Selfoss svo að börn þeirra geti stundað hópíþróttir á sama hátt og jafnaldrar þeirra í þéttbýlinu. Ekki hefur verið boðið upp á skólaakstur til að leysa þetta vandamál.

### **Aðgerðir/leiðir**

Lagt var til í vinnuhópnum að allir sem eiga hagsmuna að gæta varðandi ástundun íþrótt barna og unglunga myndu leggjast yfir málið og finna sameiginlega lausn. Þar er átt við nýja sveitarstjórn í Flóanum, sveitarstjórn Árborgar, Flóaskóla, grunnskólanna á Selfossi, íþróttafélögin á svæðinu og síðast en ekki síst foreldra og aðra íbúa sem vilja stunda íþróttir. Allir þurfi að leggjast á eitt við að samræma skólalagd og íþróttastarf í Flóanum og á Selfossi, og einnig að finna hagkvæma lausn á skólaakstri eða öðrum almenningssamgöngum til þess að minnka álag á foreldra. Það var skoðun þeirra er tóku til máls að ef sameiginleg lausn finnst á þessum málum myndi börnum og unglingum í íþróttastarfi fjölga. Bent var á að sömu rök giltu um tónlistarnám og tónlist almennt, því börn og unglingar þyrftu mikið að treysta á akstur foreldra til að sækja nám og tónlistarviðburði á Selfoss, og því væru almenningssamgöngur eða samnýting bíla af einhverju tagi mjög æskileg.

Jafnframt var því beint til nýrrar sveitarstjórnar í Flóa og stjórnenda Flóaskóla að byggð yrði upp betri útiaðstaða til íþróttaiðkana við skólann og að auki væri æskilegt að byggt yrði íþróttahús við skólann. Einnig var ríft upp að í tengslum við „sparkvallaátak” KSÍ sóttust hrepparnir eftir því að fá sparkvöll á svæðið en þeirri fyrirspurn hefur ekki verið svarað. Nýtt og stærra sveitarfélag ætti að hafa frumkvæði að því að ítreka þessa fyrirspurn.

### **Félagsstarf aldraðra**

Fram kom í umræðum um þennan málaflokk að kvenfélögin sjá mikið um félagsstarf almennt sem getur einnig flokkast undir félagsstarf aldraðra. Mikilvægt er að það komi fram að á þessu sviði hafa kvenfélögin öll sameinast í þessu starfi, enda hafa kvenfélögin mikið starfað saman í gegnum árin.

Einnig var bent á að eldri borgarar í Flóanum eru velkomnir á Selfoss í það starf sem er þar, en það hefur ekki verið mikið sótt hingað til. Þar er haldið úti sérhæfðu félagsstarfi fyrir aldraða að frumkvæði félags eldri borgara í Árborg.

Rætt var um að eldri karlmenn ættur erfiðara með að finna sér félagsstarf við hæfi, því þeir væru ekki eins virkir í félagsstörfum. Eldri konur sækja mikið í kvenfélögin sem eru opin öllum konum óháð aldri. Haldin er spilakvöld í félagsheimilunum þar sem



mæta ungir sem aldnir og eldri borgarar hér sækja almennt félagsstarf með öðrum. Hér eru ekki mikil skil á milli eldri borgara og þeirra sem ungir eru, allir sækja sömu atburðina. Þess vegna eru félagsheimilin mjög mikilvæg.

### Aðgerðir/leiðir

Sú skoðun kom fram í lokin að e.t.v. þyrfti ekki sérstakt starf fyrir eldir borgara í sveitinni þar sem þessi hópur er svo virkur í daglegu lífi, svo sem í starfsemi kvenfélaganna. Mikilvægt væri að benda á að kynslóðabil væri varla til í Flóanum, því jafnt ungir sem aldnir taka þátt í félagsstarfi og viðburðum. En auðvitað þyrfti samt að huga að þeirri þjónustu sem nauðsynleg er fyrir þennan aldurshóp og huga jafnt að þörfum karla og kvenna.

### Fjölmiðlar – internetið - afþreying

Fram kom að internetið og fjarskipti tengist ekki eingöngu afþreyingu heldur mun frekar daglegri vinnu og námi. Fólk er að nota netið til fjarnáms og fleira. Þegar börn eru komin í framhaldsskóla þá er nauðsynlegt fyrir hvert heimili að hafa netaðgang því skólinn krefst þess einfaldlega. Minnst var á átak á vegum menntamálaráðuneytisins um að koma upp fjarfundarbúnaði í dreifbýli. Möguleikar eru á að ráðuneytið myndi styrkja kaup á slíkum búnaði. Í dag er þetta að mestu gert í gegnum Fræðslumiðstöð Suðurlands. Búnaður sem þessi styrkir fundamenningu og aðstöðu til fjarnáms. Góðar internettingar eru ekki bara miðaðar við þarfir unga fólksins og þeirra sem eru í námi, heldur þarf líka að hugsa þetta út frá þjónustu við alla aldurshópa. Netið stytir leiðir og flýtir fyrir afgreiðslu, t.d. netbankar og þjónusta ríkisins á netinu sem er mjög mikilvægt fyrir hina eldri og þá sem eiga erfitt með að ferðast.

Internet samband hefur verið í þokkalegu ástandi undanfarin 2-3 ár, en það var algjör bylting þegar e-Max fór að bjóða upp á loftnetstengingar á svæðinu. Þó eru ákveðnir staðir ennþá þar sem netsamband er slæmt. Bent var á að það er verið að bæta aðstöðuna núna og setja upp fleiri senda. Fólk var þó sammála um að ekki væri raunhæft að ætlast til þess að



ADSL samband næðist allsstaðar í sveitunum, þrátt fyrir loforð stjórnvalda um slíkt. Framfarir tækninnar eru hraðari en það sem við getum fylgt eftir. Fólk í dreifbýli sættir sig þó oft við lakari aðstöðu en þeir sem búa í þéttbýli. Einnig var bent á að farsímasamband er víða gloppótt og er það hlutur sem þarf að laga og á að vera lítið mál.

Afþreying er meira jafnréttismál, en íbúar í sveitinni eiga rétt á henni eins og aðrir, þó svo þörfin sé kannski ekki mikil. Það helgast m.a. af því að félagslífið er svo mikið og þörfin er því kannski minni fyrir fjölmiðlaafþreyingu.

### Aðgerðir/leiðir

Sveitarfélagið þarf stöðugt að fylgjast með nýjungum í tækni og fjarskiptum. Það þarf að sjá til þess að íbúar hafi aðgang að öruggu og hraðvirku internetsambandi og

farsímasambandi. Ný sveitarstjórn mætti kanna möguleika á að fá fjárstyrk frá menntamálaráðuneytinu til þess að koma upp góðum fjarfundarbúnaði á svæðinu, sem nýta mætti bæði til fjarnáms og fundarhalda.

## **Menning almennt**

Síðasta málefni þessa vinnuhóps var menning í hefðbundinni merkingu, þ.e.a.s. söfn, saga, listir, viðburðir og menningartengd ferðaþjónusta. Hrepparnir í austanverðum Flóa hafa verið aðilar að byggðasafni Árneseinga. Greint var frá hugmynd að tæknisafni sem staðsett verður í Flóanum, en þessi hugmynd varð til út frá vinnu ferðamálanefndar þegar verið var að skoða þá staðbundnu menningu sem hér er. Hugvit og hagleikur varð þá fyrir valinu og þá þurfti að finna stað fyrir þá hluti sem þessu tengist og þá varð þetta tæknisafn til. Markmiðið er að byggja upp ferðaþjónustu og atvinnu í kringum þetta í Flóanum. Greint var frá því að miklar líkur eru á því að þetta safn verði staðsett hér og hafa forsvarsmenn þess kynnt sér tæknisöfn í Noregi og Svíþjóð. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, Landsvirkjun og ríkið koma mjög líklega að þessu verkefni. Ekkert safn er í landinu í dag sem heldur utan um tæknipróun, hugvit og nýsköpun. Ferðamálanefnd hefur haldið úti heimasíðu - floi.is sem nýst getur nýju sveitafélaginu og þar er hægt að lesa um þessa hugmynd. Fram kom að ef þetta safn yrði að veruleika þá yrði það stórt og viðamikilið og gæti skapað 6-10 störf í sveitina.

Því næst vildu menn víka að menningu í sinni víðustu mynd og bent var á að hugtakið menning er alltaf að breytast. Þannig væri umræða um hestamenningu og reiðvegi alveg jafn rétt há og umræða um söfn og kóra. Fram kom hugmynd um að endurvekja gamlar reiðleiðir í Flóanum, þannig að fólk gæti riðið á hestum í meiri snertingu við náttúruna í stað þess að vera stöðugt í nálægð við malbik og bíla.

Rætt var um nauðsyn þess að halda í sveitarmenningu Flóans og gæta þess að ruðningsáhrif höfuðborgarsvæðisins verði ekki of mikil. Það þarf að skilgreina staðbundna menningu og vernda hana. Vernda þarf sögustaði sem nefndir eru í Flóamannasögu svo þau verði ekki eyðilögð. Því var jafnvel haldið fram að sumir staðir væru í stórhættu og nýtt sveitarfélag þyrfti að gæta að þessu. Ekki má gleyma að í gömlu Þingborg er rekið handverkhús og þar er listafólk með vörur sínar sem vakið hafa mikla athygli.

## **Aðgerðir/leiðir**

Fólk var sammála um að það þurfi að búa svo um að hér geti áfram þrífist kraftmikill landbúnaður. Það væri besta ráðið til þess að viðhalda sveitamenningunni. Ný sveitastjórn þarf að hlúa að sveitamenningunni, en menn þurfa að vera opnir fyrir því að fá hingað fleiri atvinnutækifæri og hvetja frumkvöðla. Móta þarf haldgóða stefnu í menningar- ferða- og atvinnumálum.

Viðauki A

# Dagskrá íbúapings

- 10.45 Opnun - tónlistarflutningur
- 11.00 Ávarp – Guðmundur Stefánsson, form. Samstarfsnefndar
- 11.15 Pistill – Bjarni Harðarson, ritstjóri
- 11.30 Kynning á fyrirkomulagi vinnuhópa – Sigurður Tómas Björgvinsson
- 11.45 Vinnuhópar taka til starfa
- 12.45 Matarhlé
- 13.15 Vinnuhópar starfa áfram
- 15.15 Kaffihlé og dans
- 15.15 Nemendur í Flóaskóla lýsa hugmyndum sínum um sveitarfélagið
- 15.30 Samantekt á umræðum og niðurstöðum dagsins
- 16.00 Íbúapingi slitið

Fundarstjóri: Guðbjörg Jónsdóttir